

Formannafundur UMSB 15. September- fundargerð

1. Farið yfir félag og deilda innan UMSB

Fundarmenn kynntu sig og sögðu frá starfi sinna félaga og deilda.

GB – starfið gekk vel í sumar, góð tíð og þurrt. Aðsókn að vellinum hefur slegið öll met í þátttöku. Í vetur verðum við í inniaðstöðunni í Brákarey

Skuggi – Rólegt framundan, mikil törn í sumar, Íslandsmót yngri flokka í júlí, metþátttaka 550 skráningar. Tóku einnig þátt í Unglingalandsmótinu í sumar. Mikið keppnisumar. Vetrarstarfið fer af stað eftir áramótin – æskulýðsstarf – knapamerki í samvinnu við Grunnskólann í Borgarnesi.

Glanni – völlur er enn opinn og þetta hefur gengið þokkalega í sumar en lægð þegar EM var í fótbolta. Völlurinn var mjög góður í allt sumar og þökkum það vetrinum og vorinu. Stærsta vandamálið er að heilu rúturnar hafa verið að koma og ferðamenn gera þarfar sínar víða um svæðið þar sem ekki fékkst styrkur frá Borgarbyggð til að hafa opið wc á svæðinu.

Egill Skallagrímsson – lítið starf í gangi

Badminton – Vetrarstarfið er að hefjast, við erum með í íþróttatímanum fyrir leikskólana þar sem þeir hittast á miðvikudögum í hádeginu og kynnast ýmsum íþróttagreinum. Trimmara hópurinn er að reyna að komast í gang. 35 – 40 iðkendur hafa verið að mæta upp á síðkastið. Foreldrafundur í næstu viku.

Mótorsportfélag- sökum aðstöðuleysis er starfið lítið. Héldu mótorkross hlutann fyrir ULM.

Körfuknattleiksdeild – Deildin fékk viðurkenningu Fyrirmyndarfélags ÍSÍ síðastliðið vor. Tóku þátt í ULM og það gekk mjög vel. Tímamóta samstarf við knattspyrnudeildina varðandi veitingasölu á ULM. Starfið er komið á fullt, rúmlega 100 iðkendur að æfa. Foreldrafundur í gangi. eru með alla anga úti í fjáröflun þar sem þau eru með tvö Úrvalsdeildarliðið í fyrsta sinn á sama tíma. Skallagrímur verður 100 ára í desember.

Íslendingur – Ekki mikið framundan annað en fundir og áramótabrenna. Okkar starf fer fram á sumrin, þá eru æfingar fyrir börnin, Hreppslaug, Jónsmessuhátíð.

Björn Hítðælakappi – Umhverfisdagur 16. júní þar sem þau tóku til í kringum félagsheimilið. Réttir á mánudaginn og þá bjóða þau öllum í súpu, það er ágóðinn af dósakassa sem fjármagnar starfið.

Dagrenning – 17. júní hátíðahöld, annars ekki mikið í gangi.

Faxi – svipuð starfsemin og hjá Skugga, íþróttamótin eru haldin í sameiningu. Tóku þátt í Landsmóti hestamanna á Hólum. Áttu félag sem komst inn á Norðurlandamót. Vetrarstarfið er ekki mikið annað en knapamerki hjá GBF. Einhver námskeið verða í boði með Skugga mönnum og sér. Aðalfundur verður seinni partinn í nóvember.

UMF. Stafholtstungna – æfingar voru í sumar, frjálsar og fótbolti. Krakkarnir hafa verið duglegir að mæta og einnig hafa þau verið dugleg að sækja í frjálsar í Borgarnesi. Umhverfisdagur í vor þar sem

farið var í skóginn því hafði hann farið illa í miklum snjóþyngslum. Fórum líka yfir göngustíg sem skólinn notar í skógarhlaup 2x á ári. Hestaferð sem var einn dagur – fjölskylduvænt. Gönguferð þar sem ekið var aðeins lengar en Laxfoss bærin og gengið vestur fyrir Hreðavatnið og svo norður fyrir og endar á Hreðavatns bænum. Margir krakkar tóku þátt á ULM og margir sjálfboðaliðar sem aðstoðuðu frá Stafholtstungum. Dósasöfnun er aðal fjáröflunin á þremur stöðum, Varmalandi, Túni og Munaðarnesi. Harmonikkufélag er með aðstöðu hér um verslunarmannahelgina og sér ungmennafélagið um gæslu í kringum það. Félagið kemur inn í frístundastarf hjá 1. – 4. bekk í skólanum.

Frjálsíþróttafélagið – hefur haft æfingar í Borgarnesi í sumar og félagið sá um aðalhluta frjálsíþróttahlutans á ULM. Það eru þrír þjálfarar hjá félaginu í vetur og mun Bjarni Trausta. taka þátt í leikskólasamstarfinu með æfingar á miðvikudögum. Steinþór Logi er nýr þjálfari og sér um 1. – 4. bekk. Unnur Jónsd. sér um 5. – 10. bekk. Það er verið að skoða að fara erlendis í æfinga/keppnisferð með elstu krakkana næsta sumar. Í gegnum SamVest höfum við aðgang að FH húsinu og það er hugmynd um að fara með elstu krakkana þangað einu sinni í mánuði.

Reykdælir – Íþróttæfingar og hátíðahöld á 17. júní. Við tókum að okkur að sjá um sunnið á ULM. Öflug íþróttanefnd innan félagsins. Æfingar fyrir yngri börnin eru í frístund innan skólans og það eru tveir öflugir íþróttþjálfarar í vetur. Logaland er fjáröflunarleið félagsins og einnig er dósasöfnun. Félagið sér um viðhald í skóginum – göngustígar, húsgögn og aðstaða þar. Árlegur gleðifundur í nóvember og þorablót eftir áramótin. Stjórnin mun hittast í næstu viku og setja niður vetrarstarfið.

Sundeild Skallagríms – vetrarstarfið er að fara af stað. Eftir síðasta formannafund UMSB þá var stjórnin innblásin og setti viðburð af stað þar sem þau skráðu Borgarbyggð í sundkeppni sveitarfélaganna í Hreyfivíkunni. Eiginlegt starf hófst í byrjun september en þau fengu Hrafnhildi Lúthersdóttur til þess að koma í lok ágúst og fjalla um ólympíuleikana og vegferð og velgengni hennar þar. Framundan í vetur eru svo reglulegar sundæfingar allra aldurshópa. Rúmlega 30 iðkendur og flestir í yngri hópnum. Stefnum á uppbot þannig að þetta verði skemmtilegt og uppbyggilegt. Væri gaman að halda áfram samstarfi við Reykdæli. Verður jafnvel áfram samstarf við ÍA fyrir eldri krakkana. Stefnt á að halda Lionsmót fyrir krakka upp í 10 ára aldur.

Dansíþróttafélag – dans á dagskrá, þau eru með þrjá hópa í dansi um 30 iðkendur.

2. Hlutverk stjórnarmanna

Sabína Steinunn frá UMFÍ kom og fór yfir hlutverk stjórnarmanna.

Hún byrjaði á að hrósa fundarmönnum með flott og líflegt starf hjá UMSB og aðildarfélögnum.

Sýndu hvað í þér býr er námskeið sem tekur 2– 4 klst. um framkomu, fundarsköp og annað í tengslum við fundi og þing. Verið er að vinna markvisst hjá UMFÍ með ÍSÍ að stórum verkefnum.

Sýnum karakter – Heimasíða þar sem hægt verður að nálgast verkfæri fyrir þjálfara, hvernig best er að nálgast börnin og andlegur stuðningur. Opunarhátíð verður 1. Október með ráðstefnu og formlegri opnun heimasíðu.

Sabína sagði frá því að það er verið að spyrja þau hjá UMFÍ meira og meira um hvernig eigi að skipuleggja stjórnir, stofna félög o.fl. Það virðist vera að koma ungt fólk í stjórnir og starf ungmennafélaganna.

Hún sagði svo frá því að gerð var könnun hjá UMFÍ varðandi ma. síðasta ULM í Borgarnesi þar sem kom fram 99 % ánægja með ULM og 98% vildi mæla með ULM.

Hún fór síðan yfir hlutverk stjórnarmanna og helstu fundasköp með ca. 20 mín. fyrirlestri.

Konráð Konráðsson frá KPMG kom og fór yfir starf gjaldkera, hlutverk hans og skil á bókhaldi félaganna til KPMG (ef þau nýta sér þjónustu KPMG við bókun og ársreikningagerð)

Hér eru helstu punktar frá honum:

- Gjaldkeri sér um fjármuni félagsins og þarf að fylgjast með stöðu þess á hverjum tíma og geta upplýst aðra stjórnarmeðlimi um stöðu félagsins.
- Algengt er að formaður taki yfir störf gjaldkera, við það að borga reikninga og annað. Verkaskipting verður að vera samhljóða innan stjórnar.
- Ekki borga bara einhverja reikninga sem birtist í heimabankanum, þið verðið að vita hvaða reikningur þetta er og fyrir hvað. Stundum á reikningurinn ekki að fara til þess félags sem birtist inn á heimabankanum.
- Ef verulegar upphæðir er um að ræða fáíð þá leyfi fyrir því að greiða reikninginn hjá formanni eða á stjórnarfundi.
- Ef að útgjöldin tilheyra ákveðnu verkefni þá er best að skrifa á hann strax hverju hann tilheyrir, skiptir miklu máli í því að setja í bókhaldið.
- Verið dugleg að upplýsa stjórnina um innistæðu og hvaða reikningar eru framundan. Minni tortryggni um meðferð fjármuna.
- Bókhaldið sjálft – skiptir verulegu máli hvað þið viljið sjá út úr bókhaldinu. Viljið þið sjá hvað ákveðinn viðburður kostaði þá verðið þið að merkja það og flokka með þeim hætti og sama gildir um hvaðan tekjurnar koma.
- Ekki henda reikningunum í skúffuna, opnið umslögin og setjið allt í möppu. Best er að hafa janúar neðst og desember efst.
- Prentið út bankayfirlit til þess að fylgjast með reikningunum. Raðið reikningunum eftir bankayfirlitinu fyrir hvern mánuð og ef það vantar nótu fyrir t.d. innborgun þá að merkja ef það er t.d. dósasöfnun, æfingagjöld. Miklu auðveldara fyrir bókarann að setja inn bókhaldið, ef allar nótur eru á sínum stað. Gera þetta strax!!!
- Að selja eitthvað til fjáröflunar er virðisauka skattskyld starfssemi, undantekningin er sú að ef heildin á kennitölu er undir milljón á ári þá eruð þið laus allra mála. Konráð er tilbúinn að taka við fyrirspurnum um þessi mál.
- Ráðning starfsmanna, ef starfsmaður er í fullu starfi eða jafnvel rúmlega 50% þá á ekki að vera á verktakalaunum. Hann fer bara á launaskrá. Ef þið eruð með þjálfara í hlutastarfi þá er í lagi að hafa verktaka. Stjórnin á að taka á þessum málum saman en ekki bara gjaldkerinn.
- Gott fyrir stjórnir að hafa fjárhagsáætlun sem aðalfundur getur samþykkt.
- Styrkir eru ekki skattskyldir en auglýsingar eru það.

3. Forgangsröðun uppbyggingar og endurbætur, farið yfir stöðuna og uppfært

Pálmi fór yfir stöðuna á forgangsröðun verkefna hjá UMSB

Farið yfir skjal sem heitir „forgangsröðun uppbyggingar og endurbætur á íþróttamannvirkjum Borgarbyggðar“, og skjalið uppfært. Því er svo skilað til Borgarbyggðar þar sem það er haft til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

Umræður voru um sparkvelli í sveitarfélaginu og gúmmíkurlið, en það er komið á áætlun hjá Borgarbyggð að skipta því út á næstu misserum og byrja á vellinum með elsta kurlinu.

Ábending kom frá GB varðandi breytingu á orðalagi í skjalinu þar sem inngangur passar ekki við það sem kemur svo, eins og t.d. með toppsvæðin.

4. Íþróttasjóður ríkisins og Fræðslu – og verkefnasjóður UMFÍ, farið yfir sjóðina og hugmyndir að umsóknum

Pálmi kynnti Íþróttasjóð ríkisins og Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ. Umsóknarfrestir eru til 1. október. Hann fór einnig yfir sjóð hjá ÍSÍ þar sem þeir styrkja þjálfara um 100.000 kr. til að fara í námsferðir erlendis. Umsóknarfrestur á þeim sjóð er til 2. október.

5. Önnur mál

a) Pálmi spyr: Mynduð þið vilja að UMSB myndi fá aðgang að DK kerfinu fyrir bókhaldið?

Flestir eru sammála um að félögin vilji nýta sér bókhalds þjónustu KPMG og ef að félögin vanda skilin á reikningum o. fl. til KPMG þá eru þau fljót að setja þetta inn og kostnaður fyrir félögin verður í lágmarki.

b) Borgarbyggð er með í vinnslu að hafa frístundakort og myndi vilja setja það upp í gegnum NÓRA og þar yrðu líka skráningar á æfingar o.fl.

Það væri gott fyrir UMSB að hvetja aðildarfélögin og hjálpa þeim í það að nýta NÓRA betur fyrir utanumhald skráninga og innheimtu æfingagjalda. Gott að hafa þetta sem markmið vetrarins að ná sem flestum þarna inn samhliða upptekt Borgarbyggðar á frístundastyrk, sem er mikið fagnaðarefni.

Fundi slitið kl. 22:49

Fundargerð ritaði Sólrún Halla Bjarnadóttir og Pálmi Blængsson

Mæting á fundinn.

Nafn:

Sólrún Halla Bjarnadóttir
Pálmi Blængsson
Sabína Steinunn Halldórsdóttir
Konráð Konráðsson
Guðrún Þórðardóttir
Anna Dís Þórarinsdóttir
Anna B. Garðarsdóttir
Heiður Hörn Hjartardóttir
Sjöfn G. Vilhjálmsdóttir
Hólmfríður Ásmundsdóttir
Agnes Guðmundsdóttir
Sæunn Sverrisdóttir
Þórunn Kristinsdóttir
Kolbeinn Magnússon
Þorvaldur Ingi Árnason
Sigurjón Helgason
Gíslína Jensdóttir
Lena Reiher
Oddný Kristín Guðmundsdóttir
Sigrún Reynisdóttir
Ragnheiður Guðmundsdóttir
Bergur Jónsson
Magnús Örn Hreiðarsson
Sigríður Guðbj. Bjarnadóttir
Svanhildur B. Svansdóttir
Sigurður Arilíusson
Bjarki Þorsteinsson
Snorri Þórðarson
Stefán Logi Haraldsson
Björgvin Óskar Bjarnason
Ingvi Árnason
Guðmundur Daníelsson

Félag:

UMSB
UMSB
Gestur frá UMFÍ
Gestur frá KPMG
DÍB/UMSB
UMF.Reykdæla/UMSB
Sunddeild Skallagríms
Sunddeild Skallagríms
UMF.Reykdæla
Frjálsíþróttafélag Borgarfjarðar
UMF.Stafholtstungna
UMF.Stafholtstungna
UMF.Stafholtstungna
HMF. Faxi
UMF.Dagrenning
UMF.Björn Hítðælakappi
HMF.Faxi
UMF.Íslendingur
UMF.Íslendingur
Körfuknattleiksdeild Skallagríms
Körfuknattleiksdeild Skallagríms
MSB
MSB
Badmintondeild Skallagríms
HMF.Skuggi
UMF.Egill Skallagrímsson
Körfuknattleiksdeild Skallagríms
Golfklúbburinn Glanni
HMF.Skuggi
GB
GB
GB